

## Náttúrugreinar 2019-2020

### 7. bekkur

Kennari: Sigríður Theodóra Kristinsdóttir

Öll kennsla í Grunnskólum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í náttúrugreina. Á blaðsíðum 169-175 í 22. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um náttúrgreinar, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

### Kennsluhættir

Í náttúrufræði eru kennsluhættir fjölbreyttir. Nemendur læra ýmis fræðileg hugtök náttúrufræðinnar, hugtökin eru svo þróuð og hugmyndir um lífið og efnisheiminn skoðuð. Nemendur öðlast hæfni til þess að láta sig varða eigin velferð, annarra og umhverfisins nær og fjær. Nemendur öðlast hæfni til þess að fylgjast með, afla gagna, mæla og meta það sem fengist er við auk þess tjá þeir sig um reynslu sína, vinnuaðferðir og niðurstöður. Niðurstöður verða settar fram á ýmsan hátt, hvort sem er munnlega, með leikrænni tjáningu, skriflega, með töluum og orðum, með aðstoð rafrænna miðla eða myndrænt. Skipulögð notkun tækja, nýting á náttúrufræðistofu, skólalóðinni og nærumhverfi skólans, þar sem sjónum nemenda er beint að samspili manns og náttúru. Viðfangsefni eru skoðuð í fjölbreyttu samhengi og í lifandi tengslum við samfélagið. Nemendur afla upplýsinga og vinna með þær til þess að efla læsi sitt í náttúrugreinum, notast verður við margmiðlunarefni, gagnabanka, leitar og samskiptavefi. Nemendur fá þjálfun í vinnubrögðum, í námi í náttúrugreinum, við leit að skýringum og lausnum, við framkvæmd athugana og við mat á niðurstöðum. Nemendur framkvæma einfaldar athuganir og fá með því tækifæri til að upplifa og draga ályktanir af reynslu sinni.

### Námsgögn

Líffræði: Líf á landi. Margskonar myndbönd og ljósrit frá kennara.

Eðlis og efnafræði: Auðvitað - Heimilið, myndbönd og ljósrit frá kennara.

### Námsmat

Fylgst er með hvort nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í náttúrufræði og lögð er áhersla á að bæði kennrarar og nemendur fái reglulega upplýsingar um framvindu námsins og hvort kennslan hafi skilað árangri. Matið er byggt á fjölbreyttum aðferðum. Námsmatsaðferðir eru verklegar, munnlegar og skriflegar ásamt prófum. Þær fela einnig í sér sjálfsmat og jafningjamat.